

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um gatnagerðargjald á deiliskipulögðum svæðum í Mosfellsbæ, nr. 496/2017.

1. gr.

Heiti samþykktarinnar verður: **Samþykkt um gatnagerðargjöld í Mosfellsbæ.**

2. gr.

2. mgr. 4. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvarðast eftir hústegund svo sem hér segir:

Einbýlishús, með eða án tvíbýlisaðstöðu	15%
Parhús, tvíbýlishús	15%
Raðhús, keðjuhús	15%
Fjölbýlishús	15%
Verslunar-, þjónustuhúsnæði o.fl.	15%
Iðnaðarhúsnæði	15%
Hesthús	15%
Hús til landbúnaðarafnota	7,5%*
Bílakjallarar	3,75%
Færanlegar kennslustofur	1%**

* Hér er m.a. um að ræða mannvirki sem tengjast búrekstri, þ.e. sem eru reist fyrir geymslu á búfénaði, sem og tækja- og áhaldageymslur vegna búrekstrar.

** Færanlegar kennslustofur er samheiti yfir færanlegt og flytjanlegt húsnæði sem nota á við fræðslu- og kennslustarf á grunnskóla-, leikskóla-, tónlistarskóla-, framhaldsskóla-, háskóla- og iðnmenntunarstigi og ráðgert er að byggingar standi ekki til frambúðar á viðkomandi lóð og skemur en 10 ár. Gatnagerðargjöld sem lögð eru á þessa hústegund eru óendurkræf þegar húsnæði er flutt af lóðinni, en greidd gatnagerðargjöld skv. þessari mgr. er þó heimilt að láta ganga til greiðslu gatnagerðargjalda þegar sami aðili reisir varanlegt mannvirki á lóðinni, sbr. 3. mgr. þessarar greinar. Þegar greidd gatnagerðargjöld af færanlegum kennslustofum ganga til greiðslu sé kennslustofa flutt á aðra lóð skv. þessari mgr.

3. gr.

b-liður 5. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Stækkun á eldra íbúðarhúsnæði, 15 ára og eldra, allt að 30 fermetrum á hverja íbúð á hverju 10 ára tímabili. Af stækkun umfram 30 fermetra greiðist fullt gatnagerðargjald eftir viðkomandi flokki.

4. gr.

2. mgr. 7. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:

Sveitarstjórn getur í einstökum tilvikum ákveðið aðra greiðsluskilmála.

5. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar Mosfellsbæjar 25. október 2023, skv. heimild í 12. gr. laga nr. 153/2006 um gatnagerðargjald, öðlast þegar gildi.

Mosfellsbæ, 25. október 2023.

Þóra M. Hjaltsted bæjarlögmaður.